

Fundargerð 870. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson í fjarveru Rakelar Óskarsdóttur og Bjarni Jónsson. Í fjarfundarsambandi voru Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson í fjarveru Jóns Björns Hákonarsonar og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Daníel Jakobsson velkomna á sinn fyrsta fund í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 869. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 869. fundar stjórnar sambandsins frá 15. mars 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Fundargerð XXXIII. landsþings sambandsins - 1811034SA

Lögð fram til kynningar fundargerð XXXIII. landsþings sambandsins sem haldið var í Grand hóteli í Reykjavík 29. mars 2019.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 34. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 26. mars 2019.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög eigi beina aðkomu að gerð og eftirfylgni aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og að í þeirri áætlun verði sérstaklega hugað að aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Jafnframt telur stjórnin brýnt að aðgengi íslenskra sveitarfélaga verði tryggt að fjármagni til að hrinda í framkvæmd verkefnum á sviði loftslagsmála.

Stjórn sambandsins vill einnig koma á framfæri mikilli ánægju með Loftslagsráðstefnu sveitarfélaga sem var haldin 28. mars sl.

4. Starfshópur til að endurskoða samþykktir sambandsins - 1811043SA

Lagðar fram fundargerðir 1. og 2. fundar starfshóps um endurskoðun samþykktar sambandsins frá 13. febrúar og 15. mars 2019. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður starfshópsins, gerði grein fyrir fundargerðunum.

Guðjón Bragason og Gunnar Einarsson viku af fundi kl. 13:45.

5. Siðanefnd sambandsins - 1801019SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar siðanefndar sambandsins frá 22. mars 2019. Einnig lagðar fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, vinnuskjal um uppfærðar leiðbeiningar um gerð siðareglna, dags. 8. apríl 2019. Anna Guðrún Björnsdóttir, fulltrúi í siðanefnd sambandsins, gerði grein fyrir málinu.

Anna G. Björnsdóttir vék af fundi kl. 14:35.

6. Lífskjarasamningurinn 2019-2022 - 1904003SA

Lagður fram til kynningar lífskjarasamningur 2019-2022, dags. 3. apríl 2019, milli Samtaka atvinnulífsins og viðsemjenda þeirra. Einnig lögð fram yfirlýsing ríkisstjórnar um markviss skref til afnáms verðtryggingar til stuðnings lífskjarasamninga aðila vinnumarkaðarins, ásamt yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022, dags. 3. apríl 2019.

7. Skerðing á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1811034SA

Lögð fram samþykkt landsþings sambandsins gegn áformum um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 2. apríl 2019, ásamt yfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 28. mars 2019, þar sem fram kemur að ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á að fram fari náð samráð við sveitarfélögin um útfærslu og endanlega niðurstöðu á tillögu í fjármálaáætlun 2020-2024. Lagt er til að Jónsmessunefnd verði falið að tilnefna í nefnd sem hefði það hlutverk að leiða málið til lykta. Einnig lögð fram bókun stjórnar sambandsins vegna áforma um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15. mars 2019 og minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 11. apríl 2019, um frystingu framlaga ríkisins til jöfnunarsjóðs og annar kostnaður sveitarfélaga vegna lífskjarasamnings.

Rætt var um stöðu mála og framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna málið áfram.

8. Tilnefning í nefnd um endurskoðun löggjafar um skipulags- og byggingarmál - 1903027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2019, þar sem Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í nefnd um endurskoðun löggjafar um skipulags- og byggingarmál.

9. Tilnefning í nefnd um endurskoðun löggjafar um upplýsingar um húsnæðismál - 1903026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2019, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í nefnd um endurskoðun löggjafar um upplýsingar um húsnæðismál.

10. Tilnefning í nefnd um endurskoðun löggjafar um húsaleigumál - 1903025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2019, þar sem Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í nefnd um endurskoðun löggjafar um húsaleigumál.

11. Tilnefning í samráðshóp um endurskoðun laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum - 1903030SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. mars 2019, þar sem Halldór Gunnar Ólafsson, oddviti á Skagaströnd, er tilnefndur í samráðshóp um endurskoðun laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

12. Umsögn um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 - 1812030SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. mars 2019, um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

13. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 - 1903012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 13. mars 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, mál nr. S-74/2019.

14. Umsögn um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandenda - 1903016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2019, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, 255. mál.

Bjarni Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun: Undirritaður fagnar frumvarpinu og telur felast í því miklar réttarbætur fyrir börn sem missa foreldra sína og aðstandendur þeirra. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að slíkar umbætur verði lögfestar á þessu þingi. Undirritaður stendur ekki að umsögn sambandsins um frumvarpið þar sem hana skortir næmi fyrir og tekur ekki nægjanlega á þörfum og hagsmunum þeirra barna sem fengju kærkomnar réttarbætur og viðurkenningu á stöðu sinni með samþykkt frumvarpsins.

15. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. - 1902041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. mars 2019, um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (stjórnvaldssektir o.fl.), 542. mál.

16. Umsögn um drög að frumvarpi um breytta skattlagningu tekna af höfundaréttindum - 1903020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. mars 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - skattlagning tekna af höfundaréttindum, mál nr. S-84/2019.

17. Umsögn um lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026 - 1607016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Skipulagsstofnunar, dags. 27. mars 2019, um lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026.

18. Umsögn um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð - 1903045SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 1. mars 2019, um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, 710. mál.

19. Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi - áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl. - 1903029SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 1. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Bjarni Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun: Undirritaður stendur ekki að umsögn sambandsins í heild sinni um frumvarpið, en marga þætti umsagnarinnar, ekki síst mikilvægi þess að staðbundnar stofnanir hafi veigamikið hlutverk hvað varðar eftirlit og rannsóknir og fari með vöktunarverkefni. Að öðru leyti varðandi þætti sem í umsögnina vantar, er vísað til og tekið undir innsenda umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar um frumvarpið.

20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 - strandveiðar - 1903048SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 1. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar), 724. mál.

21. Umsögn um drög að handbók um NPA - 1806019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. apríl 2019, um drög að handbók um NPA (útgáfa 2.0), mál nr. S-90/2019.

22. Umsögn um drög að innkaupastefnu opinberra aðila - 1803043SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. apríl 2019, um drög að innkaupastefnu matvæla fyrir opinbera aðila, mál nr. S-97/2019.

23. Vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins - 1902011SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 8. apríl 2019, um vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins: Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið.

24. Skýrsla um lækkun þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkað - 1812042SA

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps sem skipaður var af félags- og barnamálaráðherra, um lækkun þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkað, dags. 1. apríl 2019.

Fundi var slitið kl. 15:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari